

Ályktun 45. þings um kjaramál og komandi kjarasamninga

Þingið telur að í næstu kjarasamningum eigi að leggja áherslu á eftirfarandi kröfur:

Grundvallaratriði er að launafólk geti lifað af dagvinnulaunum. Draga þarf úr yfirvinnu en minna vinnuálag leiðir til þess að afköst starfsfólks aukast hlutfallslega.

45. þing BSRB krefst þess að vinnuvika dagvinnufólks verði ekki lengri en 35 stundir og vinnuskylda í vaktavinnu verði 32 vinnustundir án launaskerðingar. Rannsóknir síðustu ára hafa varpað skýru ljósi á heilsuspillandi áhrif vaktavinnu og við því þarf að bregðast tafarlaust.

45. þing BSRB telur grundvallaratriði að launamunur milli hins opinbera og hins almenna vinnumarkaðar verði jafnaður samkvæmt samkomulagi frá 19. september 2016 um lífeyrismál, og fyrstu skref til þess verði tekinn eigi síðar en í næstu kjarasamningum. Einnig verði gengið frá samkomulagi hvernig framhaldið verði næstu árin.

45. þing leggur áherslu á að samið verði um áframhaldandi launaþróunartryggingu svo að launaskrið á almennum markaði fari sjálfkrafa til opinberra starfsmanna. Einn helsti ávinningur þess er stöðugari vinnumarkaður ásamt efnahagslegum og félagslegum stöðugleika.

45. þing áréttar að á undanförnum misserum hefur ásókn í Styrkta- og sjúkrasjóði stéttarféлага aukist til muna. Hefur þar helst komið til aukinn ásókn í sjúkradagpeninga og sjúkrameðferðir. Hefur þetta komið vel fram í þjóðfélagsumræðunni, þar sem kulnun og álag í starfi er m.a. helstu orsakirnar. Til að mæta þessari auknu ásókn í sjóðina er gerð krafa um að iðgjaldið hækki í 1% af heildarlaunum.

45. þing krefst þess að gripið verði til sérstakra aðgerða til að útrýma launamun sem starfar af kynskiptum vinnumarkaði. Kallað er á samstöðu annarra stéttarféлага til að fylgja þessari kröfu eftir.

Fyrirkomulag vaktavinnu og bakvakta

45. þing BSRB krefst þess að fyrirkomulag vaktavinnu og vinnutími vaktavinnufólks verði tekinn til heildar endurskoðunar. Skilgreina þarf hvað felst í vaktavinnu og samræma þá skilgreiningu milli kjarasamninga. Nauðsynlegt er að yfirfara talningu vinnustunda í forritinu Vinnustund, sem heldur utan um vinnustundir vaktavinnufólks.

45. þing BSRB krefst þess að framkvæmd verði úttekt á því hvort vaktavinnufólk hér á landi hafi dregist aftur úr þegar kemur að réttindum sem önnur lönd leiða af vinnutímatilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/88/EB frá 4. nóvember 2003.

45. þing BSRB krefst þess að réttur starfsfólks sem gengur bakvaktir verði gerður ríkari. Líta verður til nágrannalanda okkar og tryggja að sömu réttindi gildi hér og gilda þar, enda byggir löggjöf okkar á sömu vinnutímatilskipun. Þannig er nauðsynlegt að 1/7 af bakvakt teljist vera virkur vinnutími. Þá skal telja bakvakt sem virkan vinnutíma að öllu leyti við þær aðstæður þegar þess er krafist að starfsmaður sé staddur innan ákveðinnar fjarlægðar frá vinnustað á meðan bakvakt varir, til þess að tryggja að hann sé mættur til vinnu innan tiltekins tíma komi til útkalls.

45. þing BSRB krefst þess að kjarasamningar verði útfærðir þannig að bæði aðfangadagur og gamlársdagur teljist til stórhátíðardaga allan sólarhringinn, en ekki einungis eftir klukkan 12:00 eins og nú er, og er það í takt við samfélagsbreytingar

Ályktun 45. þings um efnahags og skattamál

45. þing BSRB leggur áherslu á að skattkerfið sé nýtt sem jöfnunartæki. Reka á skattkerfið og um leið velferðarkerfið með því hugarfari að fólk greiði inn eftir efnum en taki út eftir þörfum.

BSRB vill að skattkerfið sé þrepaskipt. Mikilvægt er að álögur á þá sem minnstar tekjur hafa verði lækkaðar. Skattbyrði verður að taka mið af framfærslu og hverfa verður frá gjaldtöku í velferðarkerfinu. Skoða skal hvort taka beri upp stig lækkandi persónuafslátt til að ná m.a. því markmiði að skattleysismörk nálgist grunnframfærslu.

BSRB leggst gegn tekjutengingu bóta og lífeyrisgreiðslna hjá tekjulágum. Bandalagið krefst þess jafnframt að barnabætur verði hækkaðar verulega og dregið verði markvisst úr tekjutengingu þeirra.

Jafna verður stuðning eftir búsetuformi fólks með því að taka upp samræmdar húsnæðisbætur í stað vaxta- og húsaleigubóta.

Yfirvöldum ber að efla skattaeftirlit og tryggja að nægum fjármunum sé veitt til eftirlitsins. Þannig má stórlega draga úr skattaundanskotum og efla tekjur ríkisins